

Mánudaginn 15. febrúar 1960.

Nr. 87/1959. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Helga Benediktssyni. (Enginn).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur
Jóhannesson.

Krafa um váttryggingarfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Þorsteinn Jónsson og Ólafur St. Ólafsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnda í málinu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir áfrýjandi hér fyrir dómi á því einu, að samkvæmt 3. mgr. 12. gr. samþykktá hans frá 20. desember 1949 sé honum ekki skylt að bæta tjón á skipi, fyrr en að viðgerð lokinni, en viðgerð á skipi stefnda hafi ekki enn farið fram.

Eftir því sem ráða má af gögnum málsins, hefur skip stefnda, v/b Fjalar, VE 333, verið í skyldutryggingu hjá áfrýjanda samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1947 sbr. lög nr. 110/1949, þegar tjón það varð, sem í málinu greinir. Þar sem svo var ástatt, og framangreint ákvæði í 3. mgr. 12. gr. samþykktá áfrýjanda er sett einhliða af honum, þá leiðir af meginreglunni í 4. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954,

að stefndi er ekki við greint ákvæði bundinn. Í skiptum aðilja gilda því um gjalddaga tjónbóta ákvæði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, svo sem réttilega er dæmt í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu verður krafa áfrýjanda ekki tekin til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því óraskaður, og þar sem enginn hefur komið fyrir dóm af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 25. júlí 1957 sigldi v/s Stjarnan, RE 3, á bakborðsbóg v/b Fjalars, VE 333, þar sem hann lá bundinn við bryggju á Siglufirði og laskaði hann. Stefndi, eigandi v/b Fjalars, fékk dómkvadda matsmenn til að meta tjónið. Nemur matsfjárhæðin kr. 6875.00. V/b Fjalar er váttryggður hjá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, og krefur stefndi það um 90% nefndrar fjárhæðar, þ. e. kr. 6187.50 ásamt vöxtum og mats- og málskostnaði. Bataábyrgðarfélagið telur sér eigi skylt að inna váttryggingarféð af hendi, fyrr en að lokinni viðgerð á bátnum.

Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja er talið stofnað 1862. Skylt er því samkvæmt lögum nr. 110/1949 að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laga nr. 61/1947. Núgildandi lög, þ. e. samþykktir, Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja voru samþykkt á fundi félagsins 20. desember 1949 og staðfest af atvinnumálaráðherra 13. febrúar 1950. Samkvæmt 1. gr. laganna er tilgangur félagsins að váttryggja báta félagsmanna. Félagsmenn geta verið þeir, sem eiga vélbáta skrásetta á félagssvæðinu, opna eða með þilfari, sem eru allt að 100 rúmlestir að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða hér við land. Allir eigendur báta,

sem í félagið ganga, ábyrgjast í sameiningu hvern þann bát, sem félagsmenn eiga og í ábyrgð er tekinn. Ábyrgðarskyldan hvílir jafnt á öllum félagsmönnum að rétttri til- tölu við það, sem þeir samtímis eiga í ábyrgð félagsins. Samkvæmt 5. gr. er aðalfundur lögmætur, er þriðjungur félagsmanna mætir á honum. Lagabreyting getur einungis fram farið á aðalfundi og útheimtist til hennar $\frac{2}{3}$ atkvæða, þeirra sem á fundinum eru.

Ef krafizt er, skal greiða atkvæði eftir þeirri eign, sem hver félagsmanna hefur í ábyrgð, þannig að eitt atkvæði er fyrir hverjar kr. 5000.00 eða minna. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sig sjálfan og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins. Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum félagsins. Aðalfundur kys þriggja manna stjórnarnefnd til þriggja ára, þó svo, að einn þeirra gengur úr nefndinni árlega eftir hlutkesti. Kjósa skal tvo varastjórnarnefndarmenn, er gæta skulu sérstaklega hagsmuna einstakra félagsmanna, sbr. 3. gr. Stjórnarnefndin skipar tvo virðingarmenn báta. Ábyrgðarhluti félagsins miðast við virðingu bátanna, er hinir skipuðu virðingarmenn framkvæma. Ef bátur verður fyrir tjóni utan félagssvæðis, útnefnir félagsstjórnin sérstaka matsmenn, sbr. 12. gr. Þó getur bátseigandi krafizt, að viðgerðin verði framkvæmd eftir reikningi, ef ágreiningur er um matið. Skipstjóri báts, er fyrir tjóni verður, skal ásamt tveimur hásetum tilkynna stjórn félagsins um skaðann innan mánaðar. Félagið bætir skaða samkvæmt matinu í réttu hlutfalli við ábyrgðina, sem það tekst á hendur, þ. e. 90% af virðingarverði báta í svonefndum a-flokki og 85% virðingarverðs báta í b-flokki. Í 12. gr. segir: „Bátseigendur annast sjálfir aðgerð báta sinna“ „Þó skal félaginu eigi skylt að bæta skaðann, fyrr en að lokinni viðgerð.“

Starfsemi Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, iðgjaldagreiðslur og ábyrgð félagsmanna eru vitaskuld á því reist, að fylgt sé, svo sem kostur er, þeim reglum, sem félagið hefur sett sér og atvinnuáráðuneytið staðfest. Athuga- mál er þá, hvort lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga

hafi raskað samningsgrundvelli þeim, sem samþykktir Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja eru reistar á, að því er til gjalddaga vátryggingarfjár tekur. Í 24. gr. nefndra laga eru ákvæði um gjalddaga vátryggingarfjár, en samkvæmt 3. gr. sömu laga má semja um annan gjalddaga. Nú hafa félagsmenn í Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja einmitt samið sín á milli með samþykki atvinnuáráðuneytisins um annan gjalddaga, þ. e. við lok viðgerðar á skaða, sem ábyrgðin tekur yfir, og er hér á það að líta, að bataeigendur annast sjálfir viðgerð á bátum sínum. Er rík ástæða til að meta slíkan samning félagsmanna sín á milli gildan, þar sem þeir bera sjálfir ábyrgð á skuldbindingum félagsins að til- tölu við það, sem þeir eiga í ábyrgð félagsins. Bann 4. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 við því, að gjalddagi vátryggingarfjár skuli háður ákvörðun vátryggingarfélags, á þannig hvorki eftir orðum sínum né tilgangi við tilvik það, sem í máli þessu greinir, heldur hitt, að vátryggingarfélagi sé í sjálfsvald sett ákvörðun um gjalddaga.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er gjalddagi trygg- ingarfjár þess, sem í máli þessu greinir, eigi kominn, og ber því að sýkna áfrýjanda að svo stöddu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 30. desember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, út- gefinni 13. janúar 1958, birtri s. d., á hendur stjórn Bataábyrgðar- félags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveins- syni útgerðarmanni, Vestmannabraut 68, Jónasi Jónssyni út- gerðarmanni, Urðaveg 16, Karli Guðmundssyni útgerðarmanni,

Urðaveg 11, Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sóhlíð 8, og Jóni Í. Sigurðssyni hafnsögumanni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum, til heimtu tjónbóta vegna ásiglingar v/b Stjörnunnar, R E 3, á v/b Fjalar, V E 333, hinn 25. júlí 1957.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða kr. 6.187.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1957 til greiðsludags, kostnað við dómkvaðningu og matskostnað, kr. 653.00, svo og allan málskostnað að skaðlausu.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags og þær kröfur gerðar, að það yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins.

Samkvæmt skriflegri skýrslu skipstjórans á mótorbát stefnanda, Fjalari, V E 333, vildi það til kl. 11.15 hinn 25. júlí 1957, er nýbúið var að festa bátinn við bryggju á Siglufirði, að v/s Stjarnan, R E 3, sigldi á bakborðsbóg bátsins með allmikilli ferð, er hún var að leggja að næstu bryggju. V/b Fjalar varð fyrir skemmdum við ásiglinguna, hástokkurinn að framan bakborðsmegin gekk í sundur og einnig svínahryggur.

Engin sjópróf voru haldin út af ásiglingunni, en tveimur dögum síðar, eða hinn 27. júlí 1957, dómkvaddi bæjarfógetinn á Siglufirði tvo menn til þess að meta skemmdirnar. Skiluðu þeir skriflegri matsgerð daginn eftir, hinn 28. júlí 1957, og var niðurstaða hennar, að viðgerð á skemmdum mundi kosta kr. 6.875.00. Þessa fjárhæð, að frádreginni sjálfstryggingu 10%, krefst stefnandi að fá greidda í máli þessu svo og matskostnað, sem nemur kr. 653.00 samkvæmt framlögðum reikningum.

Stefnda kveðst ekki hafa fengið neina skýrslu eða tilkynningu um ásiglinguna, fyrr en skömmu áður en stefna í málinu var birt. Hafi þá borizt tilkynning og krafa um greiðslu frá lögmanni stefnanda. Aðferð þessi væri algerlega andstæð ákvæðum laga félagsins, sem mæla svo fyrir í 12. gr., að tilkynna skuli tjón skriflega til félagsstjórnarinnar sem fyrst og að fallalaus innan mánaðar. Sama bæri að segja um þann hátt, sem hafður væri við mat á skemmdunum, þar sem félaginu hafi ekki verið gefinn kostur á að láta umboðsmann mæta. Að lokum hafi svo skipstjórinn einn undirritað skýrslu um ásiglinguna, en 12. gr. félagslaganna ætlist til, að skýrslur til félagsins séu undirritaðar af tveimur hásetum auk skipstjóra.

Í öðru lagi telur stefnda, að krafan sé ekki komin í gjald-daga, þar eð viðgerð á skemmdunum hafi enn ekki farið fram,

en samkvæmt 12. gr. félagslaganna sé félaginu óskýlt að bæta skaða, fyrr en að lokinni viðgerð.

Að lokum gerir stefnda þá kröfu, ef svo kynni að verða litið á, að um réttmæta bótakröfu sé að ræða, þá verði bótakröfunni skuldajafnað móti iðgjaldaskuldum stefnanda vegna bátsins, er nemi rúmum 100 þús. krónum.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga var bótakrafan ekki niður fallin, þótt stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að halda henni fram með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 12. gr. félagslaganna. Krafan var gjaldkræf, er mál þetta fór af stað, samkvæmt 24. gr. sömu laga nr. 20/1954. Af hálfu hins stefnda er ekki vefengt, að ásiglingin hafi átt sér stað og valdið skemmdum, eins og þeim er lýst af skipstjóra bátsins. Ekki hefur heldur verið haft á orði, að niðurstaða matsgerðarinnar væri röng. Með tilvísun til þessa þykir bera að viðurkenna kröfur stefnanda, kr. 16.187.50, ásamt 6% ársvöxtum, sem eftir atvikum ber að reikna frá 1. janúar 1958, með því að ekki er upplýst, að upplýsingar um ásiglinguna og krafa um greiðslu hafi borizt fyrir þann tíma.

Svo þykir og rétt að fallast á, að stefnandi eigi heimtingu á málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Samkvæmt framlögðum viðskiptareikningi, sem ekki hefur verið vefengdur, skuldaði stefnandi vegna v/b Fjalars hinu stefnda félagi kr. 73.946.43 í árslok 1957, og hinn 25. marz 1958 nam skuld hans kr. 103.871.65. Hinn 30. janúar 1958 setti stefnda fram kröfu um skuldajöfnuð, og þykir bera að taka kröfu þá til greina. Niðurstaða málsins verður því, að ofangreindar fjárhæðir, kr. 6.187.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 30. janúar 1958 og kr. 1.000.00 í málskostnað, skulu dragast frá skuld stefnanda vegna v/b Fjalars við hið stefnda félag, eins og hún var hinn 30. janúar 1958.

Dómsorð:

Stefnandi, Helgi Benediktsson, á rétt til tjónbóta úr hendi stefnda, Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, vegna ásiglingarar v/s Stjórnunnar, R E 3, á v/b Fjalar, V E 333, hinn 25. júlí 1957, að fjárhæð kr. 6.187.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 30. janúar 1958 og kr. 1.000.00 í málskostnað, og skulu fjárhæðir þessar dragast frá skuld stefnanda vegna v/b Fjalars við hið stefnda félag hinn 30. janúar 1958.